

Betri veröld

Betri veröld börnin vilja
geði og gaman alla tíð.
Ganga í skóla
það er okkar réttur
segir Barnasáttmálinn.

Krakkar leika, lifa og læra
leyfa öllum að vera með.
Vernda alla
heimili og friður
handa öllum í heimi hér.

Já hér á jörð stöndum
við saman
við erum mikilvæg
og breytumst kannski
brátt í risa stóra knúskalla.

Hollur matur, handa öllum
hvíld og næði foreldrar.
Það er réttur, réttur allra barna
sem að byggja þessa jörð.

Já hér á jörð stöndum við saman
við erum mikilvæg og
breytumst kannski brátt í
risa stóra knúskalla.

Allir jafnir, stórir litlir
krakkar tjá sig frjálslega.
Vatn og vinir
veistu eitthvað betra
fyrir alla í heimi hér
fyrir alla í heimi hér
fyrir alla í heimi hér.

Lag: Snjókorn falla



ÁLFAHEIÐI ER RÉTTINDASKÓLI UNICEF
Á ÍSLANDI SÍÐAN 2022